

Bingó til styrktar Krabbameinsfélaginu

Föstudaginn síðastliðinn, 24. nóvember, var haldið bingó kvöld í Samkomuhúsinu í Grundarfirði fyrir konur og kvár á Snæfellsnesi undir nafninu Komdu í bingó vinnan. Það var Valgerður Helga Ísleifsdóttir sem kom viðburðinum á fót ásamt hjálpsömum aðstandendum en hún vildi gera eitthvað fyrir konurnar í samfélaginu, leyfa þeim að komast aðeins út, hitta aðrar konur og kvár, spjalla saman, hlæja og hafa gaman. Bingóspjöld og happdrættismiðar voru til sölu með vinningum sem yfir 40 fyrirtæki og einstaklingar víðsvegar af landinu gáfu til styrktar Krabbameinsfélags Snæfellsness. Þá rann allur ágóði sölu bingóspjalda og happdrættismiða óskertur til Krabbameinsfélags Snæfellsness.

Á bilinu 130 til 140 konur voru samankomnar þetta kvöld til að spila bingó og styrkja gott málefni en GH Hóperðabílar og Hóperðabílar Svans Kristófers buðu upp á fríar rútuferðir frá Hellissandi, Rífi, Ólafsvík og Stykkishólmi. Á bingóinu sjálfu söfnuðust 577.000 krónur en fyrirtækin Lagnanes ehf, Verkvit Grf og Rútuferðir ehf bættu hvert 50.000 krónum við svo heildarupphæðin sem safnaðist fyrir Krabbameinsfélag Snæfellsness þetta kvöld



var 727.000 krónur. Segist Valgerður meir yfir móttökunum og henni efst í huga eftir virkilega vel heppnað kvöld er þakklæti, þakklæti til allra fyrirtækja og einstaklinga sem styrktu með húsnæði, vinningum og rútuferðum, til aðstandenda hennar sem hjálpuðu henni að gera kvöldið að veruleika og allra kvennanna sem mættu til að spila bingó í góðum félagsskap. Þar sem viðburður-

inn sem í fyrstu átti að vera notaleg kvöldstund fyrir grundfirskar konur vatt svona upp á sig og fór fram úr öllum væntingum segir

Valgerður að bingókvöldið muni pottþétt endurtaka sig að ári og segir konur mega bíða spenntar eftir bleiku október bingói 2024.

SJ

Aðventukvöld í Snæfellsbæ

Verslanir og þjónustuaðilar í Snæfellsbæ ásamt Menningarnefnd Snæfellsbæjar tóku saman höndum þriðja árið í röð og buðu íbúum til aðventugleði í aðdraganda jólaanna fimmtudaginn 23. nóvember síðastliðinn. Þessi skemmtilega hefð er orðin fastur liður í bæjarfélaginu þar sem gleðin er við völd og hjá mörgum bæjarbúum er það þessi viðburður sem hringir inn jólin í heimabyggð.

Síðustu ár hefur aðventugleðin einungis farið fram í Ólafsvík en var hún með breyttu sniði í ár og fór fram í Ólafsvík og á Hellissandi. Þá voru fyrir-

tæki og þjónustuaðilar á svæðinu með lengri opnunartíma, frá 18 til 21, og buðu upp á allskonar tilboð, veitingar og uppákomur. Menningarnefnd Snæfellsbæjar tók þátt í gleðinni og opnaði dyrnar á Pakkhúsinu fyrir félagasamtökum, einstaklingum og fyrirtækjum sem settu þar upp bása.

Víða um bæjarfélagið var boðið upp á heitt súkkulaði eða jólaglögg og stuðlaði menningarnefndin að jólastemningu um allan bæ með tónlistaratriðum og uppákomum.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Íslenski fáninn á sviði í Berlín

Systurnar Lena Barbara og Hanna Imgront tóku þátt í Alþjóðlegu Euro pop keppninni Berliner Perle sem fór fram í Berlín 23. til 27. nóvember. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem systurnar stíga á svið í söngvakeppnum í Evrópu en í sumar kepptu þær báðar í Alþjóðlegu söng og danshátíðinni í Konin með góðu gengi. Í þetta sinn í Berlín komust Lena og Hanna í úrslit söngvakeppninnar í flokki ungra listamanna á aldrinum 10 til 24 ára, Lena í flokki 10 til 13 ára og Hanna í flokki 14 til 17 ára. 57 þátttakendur frá 20 löndum tóku þátt í keppninni. Sungu þær tvö lög hvort, eitt heimsfrægt og eitt eftir íslenska listamenn. Systurnar náðu ekki í topp 5 í sínum flokkum en þrátt fyrir það mega þær vera stoltar af árangri sínum og

koma þær heim með verðlaunapening og viðurkenningu sem minnir þær á velgengni sína.

Ferð á keppni sem þessa er dýrmæt reynsla og mikið ævintýri sem gerði systrunum kleift að læra um aðra menningu og tungumál og að eignast nýja vini frá öðrum löndum. Systurnar Hanna og Lena Barbara eru mjög þakklátar eftir þetta ferðalag á sönghátíð í Berlín. Þetta er ekki í síðasta sinn sem við munum heyra af þeim en á keppninni voru fulltrúar Baltic Voice, alþjóðlegri söngvakeppni sem fer fram í Litháen árið 2024. Buðu þau bæði Hönnu og Lenu Barböru að koma á þá keppni í júlí 2024 og verður skemmtilegt að fylgjast með þeim halda áfram að elta drauma sína.

SJ



Laus tímabundin staða kvenkyns sundlaugavarðar við sundlaug Snæfellsbæjar

Laus er til umsóknar staða kvenkyns sundlaugarvarðar við Sundlaug Snæfellsbæjar. Um 81,5% starf í vaktavinnu og tímabundna ráðningu frá 20.11.2023 - 31.01.2024 er að ræða.

Starfssvið:

- Öryggisvarla við sundlaug og sundlaugarsvæði.
- Klefavarsla og baðvarsla.
- Afgreiðsla, önnur þjónusta og þríf.

Hæfniskröfur:

- Góð samskiptahæfni.
- Rík þjónustulund.
- Tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Frekari upplýsingar veitir Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþróttá- og æskulýðsfulltrúi, í síma 433 9912 eða á kristfridur@snb.is.



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Aukið samstarf á Vesturlandi



Fjórir sambandsaðilar UM-FÍ á Vesturlandi funduðu nýlega um aukið samstarf félaga í landshlutanum. Fundurinn fór fram í þjónustumiðstöð UM-FÍ í Laugardalnum og sátu fulltrúar Íþróttafélag Akraness, Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga og Ungmennasamband Borgarfjarðar. Fyrir jólin 2022 fengu sambandsaðilar sendan glaðning í formi ávísunar og deildu nokkrir sambands-

aðilar gjöfinni saman. Tilgangurinn var að hvetja þá til aukins samstarfs og með þessum fundi nýttu sambandsaðilar jólagjöf UM-FÍ. Aukið samstarf félaganna fjögurra er á kortunum og var umræddur fundur fyrsta skrefið. Á meðfylgjandi mynd eru Gunnhildur Gunnarsdóttir frá HSH, Jóhanna Sigrún Árnadóttir frá UDN, Guðmunda Ólafsdóttir frá ÍA og Bjarney Bjarnadóttir frá USMB.

SJ



Á heimasíðu Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness **fasteignsnae.is** er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Jólaljós tendruð á jólatrjám fyrsta sunnudag í aðventu

Allir bæjarbúar eru velkomnir að eiga notalega stund sunnudaginn 3. desember, fyrsta sunnudag í aðventu.

Ljós verða tendruð á Hellissandi kl. 16:00.
Ljós verða tendruð í Ólafsvík kl. 17:30

Jólaljósín tendruð
Jólsvéinar
Lifandi tónlist
Dansað í kringum jólatré



Blóðsykursmæling lionsklúbbanna

Fimmtudaginn 23. nóvember var mikið líf í Snæfellsbæ þegar verslanir í Ólafsvík og Hellissandi lengdu opnunartíma í til efni komandi aðventu. Lionsklúbarnir í Ólafsvík í samstarfi við Heilsugæsluna buðu líkt og í fyrra

upp á fría blóðsykurs- og blóðþrýstingsmælingu í Áthagastofu Snæfellsbæjar. Er þetta gert í til efni Alþjóðadegi sykursjúkra þann 14. nóvember og er nóvembermánuður mánuður sykursýkisvarna hjá Lions.

Síðustu ár hefur verið aukning á mætingu í mælinguna sem náði svo hámarki í fyrra þegar 130 manns mættu til að láta mæla hjá sér blóðsykur og blóðþrýsting. Í ár fækkaði þó aftur í fólksfjöldanum og mættu rúmlega 70 manns, sem er á við fjöldann sem mætti árið 2018.

Markmið með átakinu er að vekja almenning til umhugsunar um hættuna sem fylgir því að

ganga með dulda sykursýki og hvetja fólk til að fylgjast með líkamlegri heilsu. Eftir mælinguna voru léttar veitingar í boði fyrir gestina.

Lionsklúbarnir í Ólafsvík vilja þakka starfsfólki Heilsugæslunnar, Birnu Dröfn Birgisdóttur og Patryk Zolobow, fyrir sitt framlag við mælingarnar.

SJ



Bifreiðaverkstæði /Egis.
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Lestrarátak með Lubba

Nú í nóvember höfum við í leikskóla Snæfellsbæjar unnið með lestur bóka á fjölbreyttan hátt. Farið var í stórt lestrarátak með það að markmiði að hvetja til lesturs bóka bæði í leikskólanum og heima. Ávinningur lesturs bóka fyrir börn er mjög mikill, með reglulegum lestri eykst orðaforði. Orðaforði er undirstaða alls

mál- og lesskilnings.

Með okkur í áttakinu var Lubbi hundurinn okkar (Lubbi finnur málbein). Börnin fengu með sér heim útprentuð bein, tilgangur þeirra var að skrá niður lesna bók á bein og færa Lubba það. Hann hefur nú safnað í stórt og myndarlegt beinafjall. Lubbi okkar hefur verið mjög duglegur að

kenna börnunum íslensku málhljóðin og honum finnst gaman að fá bein að launum. Börnin hafa verið mjög kappsöm og spennt að

safna sem flestum beinum fyrir Lubba í beinafjallið hans eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



Lýsing og matslýsing

vegna fyrirhugaðs deiliskipulags frístundabyggðar á landi Ölkeldu

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum 9. nóvember 2023 lýsingu og matslýsing fyrir gerð deiliskipulags vegna frístundabyggðar á landi Ölkeldu skv. 40. gr. skipulagsgáttar nr. 123/2010. Svæðið er innan frístundabyggðar F-4 í gildandi aðalskipulagi en þar eru tvö eldri frístundahús. Gert er ráð fyrir að á umræddum reit verði sjö nýjar frístundalóðir skipulagðar á landi Ölkeldu, þannig að þar verði í heildina níu frístundalóðir. Nýjar lóðir verði að lágmarki 3.000 fermetrar, húsin verði lágreist og að hámarki 140 fermetrar að stærð.

Hægt er að skoða lýsinguna á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is undir málnúmeri: 947/2023. Á tæknideild Snæfellsbæjar er hægt að fá kynningu á lýsingu og matslýsingu eftir nánara samkomulagi.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir og/eða umsagnir vegna lýsingar fyrirhugaðs deiliskipulags til og með 5. janúar 2024. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á www.skipulagsgatt.is á málnúmer: 947/2023.

Ragnar Már Ragnarsson
Forstöðumaður tæknideildar Snæfellsbæjar



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Pósturinn hættir dreifingu fjölpósts

Starfsemi Íslandspósts hefur undanfarin ár tekið breytingum sem ætlað er að aðlaga starfsemi að breyttu hegðunarmynstri neytenda. Þann 1. janúar 2024 munu nýjar breytingar taka gildi þegar Íslandspóstur hættir að dreifa fjölpósti. Árið 2020 hætti Íslandspóstur að dreifa fjölpósti á höfuðborgarsvæðinu en hélt hins vegar áfram á landsbyggðinni. Nú hefur sú ákvörðun verið tekið að hætta einnig dreifingu á landsbyggðinni. Ástæðan fyrir þessari skerðingu á þjónustu er sú að í gegnum tíðina hefur fjölpósti verið dreift með almenn-

um bréfum en bréfpóstur hefur dregist saman um 80% frá árinu 2010. Einnig hefur þeim fækkað verulega sem senda fjölpóst og nýta sér margir rafræna miðla frekar. Inn í þessa ákvörðun kemur einnig umhverfisstefna póstsins en þau eru sífellt að leita leiða til þess að draga úr soun og losun koltvísýrings. Eftir 1. janúar verður ennþá hægt að senda bæklinga og auglýsingaefni sem almennt bréf en þarf efnið þá að lúta skilmálum bréfa varðandi verðskrá, dreifingarplan og nafnamerkingu.

JJ

Getraunir 1x2 - Félagsnúmer Víkings - 355



TÓNLISTARSKÓLI
SNÆFELLSBÆJAR

Jólatónleikar & Innritun

Jólatónleikar Tónlistarskóla Snæfellsbæjar

verða haldnir sem hér segir:

Mánudaginn 11. des. í Klifi kl.17:00
Miðvikudaginn 20. des. á Lýsuhóli kl.13.00

Jólatónleikar fullorðinna nemenda
Tónlistarskóla Snæfellsbæjar verða
mánudaginn 4. des.
í Ólafsvíkirkirkju kl. 19:00.

Foreldra- og styrktafélag Tónlistarskóla Snæfellsbæjar
sér um sölu á kaffiveitingum
eftir tónleikana 11. desember.

Miði kostar 700 kr. fyrir 12 ára og eldri.

Innritun í skólavistun Tónlistarskóla Snæfellsbæjar fyrir vorönn 2024

fer fram í Ólafsvík
í desember.

Það er hægt að hringja í síma 433 9928
eða senda tölvupóst: tonlistarskoli@snb.is

*Kennarar og skólastjóri óska öllum íbúum Snæfellsbæjar
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*



Götur og hús skreytt fyrir jólin



Daginn er tekið að stytta töluvert og einungis tæpur mánuður í stysta dag ársins. Aðventan er að ganga í garð og mikil ljósadýrð lýsir upp skammdegið. Fólk kemst missnemma í jólaskapið og því allur gangur á hversu tímanlega jólaljósirn eru sett upp en það er orðið ansi jólalegt um að litast. Með það að markmiði að gera nærumhverfið sem jólalegast til að birta til á þessum myrkrustu

tímum hafa sveitarfélögin skreytt aðalgötturnar í þéttbýliskjörnum, fyrirtæki hafa sett ljós í glugga og einstaklingar keppast við að gera sem allra jólalegast.

Þegar þessi mynd var tekin þá var verið að koma jólatrénu í Ólafsvík fyrir í fæti sínum, ljós verða tendruð á trjám í Snæfellsbæ sunnudaginn 3. desember.

SJ

Aðventuhátíð

Aðventuhátíð verður haldin
sunnudaginn 3. desember 2023
kl 20:00 í Ólafsvíkirkirkju.

Á dagskrá verður m.a.
Skólakór Snæfellsbæjar, jólasaga,
hugvekja og tónlistaratriði.

Hefjum aðventuna
með notalegri stund í kirkjunni.

Kvenfélag Ólafsvíkur

HSH á Silfurleikunum

Silfurleikar ÍR fóru fram í Laugardalshöllinni síðastliðna helgi en það árlegt frjálsíþróttamót félagsins og eitt stærsta mótið á Íslandi fyrir iðkendur á aldrin-

um 5 til 17 ára. Þetta er í fyrsta sinn sem hópur frá Snæfellsbæ fer á Silfurleikana en fjölmennur hópur krakka á aldrinum 6 til 12 ára hafa æft frjálssar hjá Ung-

mennafélagi Víkings/Reynis í vetur. HSH átti 29 öfluga fulltrúa á mótinu á aldrinum 8 til 12 ára. Þar af voru 11 þátttakendur frá Snæfellsbæ, 3 frá Grundarfirði og 15 frá Stykkishólmi. Þrjár þjálfarar fylgdu krökkunum á mótið, þær Ingunn Ýr Angantýsdóttir frá Snæfellsbæ, Kristín Halla Haraldsdóttir frá Grundarfirði og Björg Gunnarsdóttir frá Stykkishólmi. 8 til 9 ára hópurinn var fjölmennastur og tóku þau þátt í 60 metra hlaupi, langstökki og kúluvarpi. Fjórar stelpur kepptu í 11 ára flokki og tóku þátt í 60

metra hlaupi, kúluvarpi, langstökki og 600 metra hlaupi. Ein stelpa keppti í 12 ára flokki og líkt og í hinum aldursflokkunum tók hún þátt í öllum þeim greinum sem voru í boði í hennar aldursflokki, 60 metrum, þrístökki, hástökki, kúluvarpi og 600 metra hlaupi. Mikill kraftur var í krökkunum sem lögðu sig öll fram og stóðu sig virkilega vel. Næst á dagskrá hjá hópnum er að taka þátt í Héraðsmóti sem fer fram í Stykkishólmi þann 9. desember.

SJ



Bárðar saga Snæfellsáss eftir nemendur GSNB



Nýlega var opnuð sýning í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi um Bárðar sögu Snæfellsáss. Sýningin samanstendur af verkum nemenda í Grunnskóla Snæfellsbæjar. Nemendur í 2. til 10. bekkunnu verkinsíðasta skólaár í myndmennt. Þá fengu þau að heyra atburðarrás úr sögunni um Bárð Snæfellsás og dóttir hans Helgu sem þau túlkuðu svo frjálst á blað. Skemmti-

legt er að sjá hvernig nemendur túlka söguna á mismunandi hátt og koma því til skila með ólíkum aðferðum. Þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi er opin alla daga frá klukkan 10 til 17 og eru öll hvött til að líta við til að skoða listaverkin og rifja upp söguna um Bárð okkar Snæfellsás í fjölbreyttum útfærslum krakkanna.

SJ



SMÁSÖGUGKEPPNI
JÖKULS
1. - 10. BEKKUR

JÓLÁSAGA

SKILA SÖGU OG MYND AF VIÐKOMNADI Í
STEINPRENT EDA Á STEINPRENT@SIMNET.IS

SKILAFRESTUR TIL KL 17.00
ÞRIÐJUDAGINN 12. DESEMBER

BESTU FIMM SMÁSÖGURNAR VERÐA BIRTAR OG
FÁ VERDLAUN



AKSTURSTYRKIR

Aksturstyrkir til íbúa í dreifbýli

Íbúar í dreifbýli Snæfellsbæjar geta sótt árlega um sérstakan aksturstyrk til að koma til móts við kostnað vegna aksturs barna til Ólafsvíkur í íþrótt- og tómsundaiðkun.

Árlegur aksturstyrkur er kr. 30.000.-

Umsóknir skulu berast bæjarritara í tölvupósti.

Í umsókn þarf að koma fram nafn foreldris/forráðamanns, nafn barns/barna, kennitala og reikningsnúmer þar sem leggja á styrkinn inn.

Einnig þarf að fylgja vottorð/staðfesting frá þjálfara um að barnið sé skráð í íþróttir norðan heiðar.

Úthlutunarreglur vegna aksturstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar má finna á vef Snæfellsbæjar undir Stjórnsýsla – Reglur og samþykktir.

Nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900 eða netfangið lilja@snb.is

Heimaleikurinn teygir sig út fyrir landsteina

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að Heimaleikurinn hefur verið að gera stóra hluti undanfarið, troðfullar sýningar, tilnefningar til verðlauna og áhorfenda-verðlaun Nordisk Panorama og Skjaldborgarhátíðarinnar. Núna í nóvember var myndin sýnd á stærstu heimildamyndahátíð Bandaríkjanna, DOC NYC í New York en hún er tilnefndur í flokki bestu alþjóðlegu heimildarmyndarinnar á hátíðinni.

Fyrir sýningu var öllu til tjaldað og rauða dreglinum rúllað út fyrir aðstandendur myndarinnar. Heimaleikurinn var sýndur í fornfægu kvikmyndahúsi á Manhattan, Village East by Angelika og eftir sýninguna sátu Smári Gunnarsson og Logi Sigursveinsson, leikstjórnarnir, fyrir svörum ásamt Kára Viðarssyni og Freydísi Bjarnadóttur. Ekki nóg með það að Heimaleikurinn sé að gera góða hluti á stórum heim-

ildamyndahátíðum um allan heim þá hefur kvikmyndasamsteypnan MetFilm tryggt sér sölu rétt á Heimaleiknum á heimsvísu, að Íslandi undanskildu. MetFilm kynnti heimildamyndina fyrir mögulegum kaupendum á Al-

þjóðlegu heimildamyndahátíðinni sem fór fram í Amsterdam fyrir stuttu og má því eiga von á að uppgangi Heimaleiksins sé hvergi nærri lokið.

SJ

**ÓLAFSVÍKUR | BRIMILSVALLA | INGJALDSHÓLS
KIRKJUGARÐUR | KIRKJUGARÐUR | KIRKJUGARÐUR**

JÓLALJÓS Í KIRKJUGARÐINUM

Kæru notendur rafmagns fyrir ljósaskreytingar, vinsamlegast greiðið kr: 2.500,- inn á reikning viðkomandi kirkju fyrir 15. desember. Kveikt er á ljósum aðventuna og að þrettánda.

Ólafsvík og Brimilsvellir:

Banki: 0194 - 26 - 966 Kt.: 420289-1979

Ingjaldshóll:

Banki: 0190 - 05 - 948 Kt.: 660169-5209

Bent er á að nauðsynlegt er að nota vatnsheldar útiseriur.

Umsjónarmenn kirkjugarða Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls.




ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á **Black FRIDAY** TILBOÐUM Í SÍÐUSTU VIKU

Við bjóðum sömu afslætti út vikuna

Gildir þó aðeins á þeim vörum sem til eru í verslun okkar í Ólafsvík

SAMSUNG SJÓNVÖRP

43"	Verð: 94.990,-	Tilboðsverð: 79.990,-
50"	Verð: 146.990,-	Tilboðsverð: 99.990,-
55"	Verð: 159.990,-	Tilboðsverð: 119.990,-
65"	Verð: 189.990,-	Tilboðsverð: 149.990,-



SAMSUNG RYKSUGA VC2500



Mótorafi 750w
Sérstakur soghaus fyrir gæludýrahár
Hljóð 79 dB
Vinnuradíus 10 metrar

Verð: 24.990,-
Tilboðsverð: **14.990,-**



Samsung Jet 65 Skafttryksuga

Þráðlaus
150 W Sogkraftur
Allt að 40 mín notkun
Mikið úrval fylgihluta fylgir með

Verð: 62.990,-
Tilboðsverð: **41.990,-**

Sony HTS400 Soundbar

S-Master magnari 330w
með bluetooth og
kraftmiklum þráðlausum bassa

Verð: 59.900,-
Tilboðsverð: **49.900,-**



20%
afsláttur
af fatnaði og skóm.

Ýmis önnur tilboð í verslun